

## Fundargerð aðalfundar Þroskapjálfafélags Íslands 19. maí 2021.

### 1. Kosnir starfsmenn fundarins

Fundarstjóri; Jóhanna Lilja Ólafsdóttir.

Fundarritarar; Ingibjörg Gyða Guðrúnardóttir og Inga Marín Óskarsdóttir.

Fundastjóri fór yfir boðun fundarins. Fundarboð fór ekki til allra félagsmanna með réttum fyrirvara sem er 3 vikur. Fundarboð var sent út aftur á alla félagsmenn.

Spurt var hvort einhver væri með athugasemd vegna boðunar fundarins – svo var ekki og telst fundurinn löglega boðaður.

### 2. Formaður leggur fram skýrslu stjórnar

Laufey E. Gissurardóttir, formaður ÞÍ fór yfir skýrslu félagsins.

[thi-arsskyrsla-lok.pdf \(throska.is\)](#)

Kjaramál hafa tekið tíma á þessu starfsári og mikil vinna sem að farið hefur í innleiðingu á styttingu vinnuvikunnar. Laufey vitnar í skýrsluna og skrifstofu félagsins varðandi spurningar sem að kunna að vakna og verður leitast við að svara þeim.

Laufey beinir þökkum til virkra félagsmanna og bendir á skýrslu stjórnar sem gott er að lesa yfir. Laufey lýkur sínu máli með þessum orðum: „ég og þjóðin erum stolt af því fagfólki sem að staðið hefur vaktina, verið með endalausar lausnir á meðan farið er í gegnum flókna kjarasamninga um breyttan vinnutíma. Allir sem að hafa staðið vaktina með svo miklum sóma“.

### 3. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins til afgreiðslu og gerir grein fyrir fjárhag þess

Bjarnveig Magnúsdóttir, gjaldkeri ÞÍ gerði grein fyrir reikningum og fjárhag ÞÍ.

*Kjaradeilusjóður – reikningur samþykktur með öllum atkvæðum fundarmanna.*

*Vísindasjóður – reikningur samþykktur með öllum atkvæðum fundarmanna.*

*Ársreikningur ÞÍ – reikningur samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.*

### 4. Lagabreytingar

Anna Lilja, framkvæmdarstjóri ÞÍ fór yfir tillöguna. Stjórn telur að hafa þurfi umboð til þess að boða aðalfund í fjarfundi og einnig bæði í fjarfundi og staðfundi.

7. gr.

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfundur skal halda á tímabilinu 1. mars til maíloka ár hvert. *Stjórn getur ákveðið að aðalfundur fari fram rafrænt í fjarfundi eða sem bæði stað- og fjarfundur og skal þess þá getið í fundarboði. Fara þá rafrænt fram atkvæðagreiðslur, samþykktir og slíkt sem jafnan færi fram skriflega.* Aðalfundur skal auglýsa á heimasíðu félagsins og boða með tölvupósti þeim sem hafa netfang skráð í félagaskrá en öðrum og þeim sem þess óska sérstaklega skal sent skriflegt fundarboð. Fundarboð skal sent félagsmönnum a.m.k. þrem vikum fyrir aðalfund ásamt

lagabreytingartillögum og tillögum kjörnefndar og miða skal við dagsetningu tölvupósts eða póststimpils.

Í aðalfundarboði skal vera:

Dagskrá aðalfundar. Tillögur um lagabreytingar ef einhverjar eru. Aðalfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað. Afl atkvæða ræður á aðalfundi, sbr. VIII (áttunda) kafla félagslaganna. Aðalfundi er heimilt að vísa málum til allsherjar atkvæðagreiðslu.

*Breytingartillagan frá stjórn kemur til vegna þeirra aðstæðna sem upp hafa komið í þjóðfélaginu og heiminum öllum. [lagabreytingartillaga-fra-stjorn-thi.pdf \(throska.is\)](#)*

*Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.*

## **5. Kosning í stjórn, nefndir og ráð**

Valborg Helgadóttir formaður kjörnefndar fór yfir tillögur kjörnefndar.

Í stjórn; Særún Ósk Böðvarsdóttir gefur kost á sér í eitt ár stað Ingibjargar Gyðu Guðrúnardóttur sem fer úr stjórn. Aðrir gefa kost á sér áfram til setu í stjórn.

Útgáfuráð; Helga Sigurðardóttir, Trausti Júlíusson og Rósa Hrönn Árnadóttir gefa kost á sér næstu tvö árin.

Fagráð; Særún Sigurjónsdóttir, Lilja Össurardóttir og Auður Björk Kvaran gefa kost á sér næstu tvö árin.

Laganefnd; Ólafía M. Hinriksdóttir, Bjargey Hinriksdóttir og Bryndís Guðmundsdóttir gefa kost á sér næstu tvö árin.

Kjörnefnd; Valborg Helgadóttir, Sigurbjörg Sverrisdóttir og Álfheiður Hafsteinsdóttir gefa kost á sér næstu tvö árin.

Siðanefnd; Stjórn tilnefni Ingibjörgu Gyðu Guðrúnardóttir nýja í siðanefnd næstu þjú árin. Árni Már Björnsson til vara.

*Sjá líka skjal; tillögur kjörnefndar [tillogur-kjornefndar-i-stjorn.pdf \(throska.is\)](#)*

## **6. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga félagsins og einn til vara**

Faney Sumarliðadóttir, Sigríður Rut Hilmarsdóttir og Jóhanna Margrét Árnadóttir til vara kosnar til eins árs.

*Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.*

## **7. Lögð fram fjárhagsáætlun næsta árs og félagsgjöld ákveðin**

Anna Lilja Magnúsdóttir framkvæmdarstjóri ÞÍ fór yfir fjárhagsáætlun 2022.

### **Félagsgjöld.**

Tillaga félagsins er að þau verði áfram 1,1% af heildarlaunum.

*Tillagan er samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.*

## 8. Önnur mál

- a. Friðþór Vestmann, þroskaþjálfari – fyrirspurn varðandi úthlutanir styrkja í Fag- og fræðslusjóð ÞÍ. Sótt var um styrk vegna þróunarstarfs á félagi en ekki var talið hægt að veita styrk félagi sem væri komið á laggirnar var svarið sem að barst. Friðþór telur mikilvægt að skoða greinar 3 og 6 í þessu samhengi hjá sjóðnum af starfsfólki Fag- og fræðslusjóðs. Friðþór telur mikilvægt að þetta verði skoðað og hratt og vel.

Á fundinum svarar Bjarnveig gjaldkeri þessari fyrirspurn Friðþórs. Bjarnveig segir að það standi yfir vinna við að skoða reglur sjóðsins hvað varðar umgjörð og gagnsæi með það í huga að svona atriði verði ekki vafamál í framkvæmd og að hugsanlega verði hægt að kynna þær breytingar á næstu starfsdögum félagsins.

Ekki fleiri sem óska eftir því að taka til máls með önnur mál.

Laufey Gissurardóttir tók við og fór yfir nokkur málefni:

31. maí næstkomandi kl. 14.30 – 16.00 stendur til að fagrað verði með kynningu um breytingar á námi þroskaþjálfara. Nú þegar eru um 70 manns skráðir. Ruth Jörgensdóttir Ruterberg mun þá fara yfir breytingarnar og kynna tvær námsleiðir. Markmiðið er að fleiri þroskaþjálfar ljúki meistaragráðu.

Starfsdagar verði að óbreyttu haldnir á Hótel Örk í Hveragerði dagana 23. – 24 september 2021. Yfirskrift starfdaga verður: Réttindabaráttá – hvar stöndum við?

Fyrir árið 2022 er vinnuhópur að undirbúa ráðstefnu í samstarfi við HR og HÍ þar sem skoða á iðnbyltinguna og störf þroskaþjálfara á þeim tíma.

Fyrir næsta starfsár er áherslan hjá stjórn félagsins á kjaramál, fagleg mál og hagsmunamál. Mikilvægt er að upplýsa samfélagði um störf þroskaþjálfara. Laufey hvetur þroskaþjálfara til þess að koma fram með hugmyndir og auglýsa það flotta starf sem er unnið um land allt. Laufey hvetur þroskaþjálfara til þess að sýna hvað við erum að gera. Að gera þroskaþjálfara sýnilega.

Laufey þakkar þeim félagsmönnum sem eru frá að hverfa úr ráðum og nefndum fyrir þeirra góða starf. Laufey telur mikilvægt að fá sem flesta til þess að vinna saman að því að gera góða hluti í ráðum og stjórnnum félagsins. Þakkir til þeirra sem eru að koma inn í nefndir, ráð og stjórn félagsins. Þakkir til Ingibjargar Gyðu sem er hverfa til annara starfa fyrir góð störf.

Að lokum þakkar Laufey starfsmönnum fundarins og öllum þeim sem að tóku þátt á þessum aðalfundi sem er annar í röð þeirra sem fram fer í formi fjarfundar.

Fundi er slitið kl. 18.25.

Fundarritarar:

Ingibjörg Gyða Guðrúnardóttir

Inga Marín Óskarsdóttir

Halldóra F. Sarrko

Sævin Ósk Böðvarsd.

Hanna Þ. Sigurðardóttir

Jóhanna Lilja Ólafsdóttir

Laufey Elisabet Sæmund

Guðrun Tónsdóttir

Bjarnvarg Magnúsd.

